

Verklag um upplýsingagjöf barnaverndarnefnda til fósturforeldra

1. Upplýsingar í kjölfar ábendinga Barnaverndarstofu um hugsanleg fósturheimili

- Starfsmaður gefur eingöngu ópersónugreinanlegar upplýsingar.
- Dæmi um upplýsingar sem starfsmanni ber að gera grein fyrir við fyrstu samskipti:
 - o Aldur og kyn barns.
 - o Skóla- og námsþarfir.
 - o Þörf fyrir heilbrigðisþjónustu.
 - o Þarfir við daglega umönnun.
 - o Helstu upplýsingar um heilsu og hegðun barns.
 - o Ástæður þess að verið er að ráðstafa barninu í fóstur. Geta verið upplýsingar sem varða barnið sjálft eða foreldra þess.
 - o Hver eru helstu markmið með fóstri.

2. Trúnaður

- Allir sem vinna að barnavernd skulu gæta fyllsta trúnaðar um hagi barna, foreldra og annarra sem þeir hafa afskipti af.
- Fósturforeldrar eru þar með einnig bundnir trúnaði varðandi þær upplýsingar sem þeir fá frá barnaverndarnefndum.
- Þegar tekin hefur verið ákvörðun um fósturheimili fyrir barn ber fósturforeldrum að undirrita trúnaðareið.
- Á skjali um trúnaðareið skal koma fram nafn og kennitala viðkomandi auk þess skal undirskrift viðkomandi vera staðfest með undirskrift tveggja votta.

3. Ítarlegar og persónugreinanlegar upplýsingar í aðdraganda fósturs

- Við undirbúning fósturforeldra fyrir fóstrið skal starfsmaður upplýsa þá um persónulega hagi barns og önnur atriði sem nefndin telur máli skipta með tilliti til markmiða fósturs.
- Dæmi um upplýsingar sem greina þarf frá á þessu stigi málsins:
 - o Fjölskylduáðstæður og uppeldissaga barns
 - o Áföll sem barnið hefur orðið fyrir.
 - o Vandir foreldra og afstaða þeirra til fósturs.
 - o Nákvæm heilsufarssaga, þ.m.t. lyfjagjöf og meðferð.
 - o Greiningar sem liggja fyrir eða verið er að vinna að.
 - o Áhugamál barns og styrkleikar þess.
 - o Félags- og námsleg staða barns.
 - o Áætlun um trygga umsjá, skv. 33. gr. bvl.
 - o Sá hluti áætlunar um meðferð máls, skv. 23. gr. bvl. sem snýr beint að fósturforeldrum.
 - o Samningur um fóstur.
- Afhending skriflegra gagna úr barnaverndarmáli miðast við hvort viðkomandi telst aðili málsins, annað hvort í heild sinni eða hluta þess, sbr. 45. gr. bvl. Aðild þarf einnig að meta út frá stjórnsýslulögum.
- Mælt er með því að sá starfsmaður sem fer með málið taki saman sérstakt skjal með þeim upplýsingum sem nauðsynlegt er að fósturforeldrar hafi við hendina.

4. **Upplýsingar sem þarf að gefa meðan á fóstri stendur**

- Samkvæmt e. lið 26. gr. reglugerðar um fóstur ber að halda reglubundna samráðsfundi þar sem taka þátt eftir atvikum: barn, kynforeldrar, fósturforeldrar, fulltrúi barnaverndarnefndar, handleiðari, meðferðaraðili og/eða aðrir.
- Með hliðsjón af þessu ákvæði ber starfsmanni að halda fósturforeldrum upplýstum um stöðu mála, t.a.m. hjá kynforeldrum.
- Dæmi um upplýsingar sem þarf að miðla til fósturforeldra meðan á fóstri stendur:
 - o Hvernig ganga markmið fósturs.
 - o Hvernig gengur kynforeldrum með sín markmið.
 - o Hvernig gengur umgengni barns við kynforeldra.
 - o Er útlit fyrir að framlengja þurfi ráðstöfun barns eða ljúka henni fyrr en áætlað var.

5. **Upplýsingar sem veita ber fósturforeldrum þegar fóstur er orðið varanlegt**

- Hafa þarf í huga að hér eru fósturforeldrar í raun ígildi foreldra. Þá þarf að meta allar upplýsingar út frá því hversu stór hluti af forsjá barns er hjá fósturforeldrum.
- Upplýsingar um hvernig gengur hjá meðferðaraðilum ef barnið er í einhverskonar meðferð, t.a.m. hjá sálfræðingi, í Barnahúsi eða á meðferðarheimili.
- Allar þær upplýsingar sem geta haft áhrif á líðan barns á fósturheimili, s.s. um stöðu dómsmáls þegar mál sem tengjast barni eru til meðferðar hjá dómstólum.